

Tillaga til þingsályktunar
um framkvæmdaáætlun í málefnum
innflytjenda til ársins 2018.

(Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2015)

Alþingi ályktar, sbr. 7. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, að samþykkja eftirfarandi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2015–2019. Sú framkvæmdaáætlun sem hér er lögð fyrir er sú fyrsta eftir að lög um málefni innflytjenda voru samþykkt. Áður hefur ein framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda verið samþykkt af Alþingi, en það var árið 2008.

Markmið laga um málefni innflytjenda „...er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna“. Því skal meðal annars ná fram með því að hafa hagsmuni innflytjenda samþætta allri stefnumótun, stjórnsýslu og opinberri þjónustu. Auk þess sem stuðlað sé að viddæmdu samstarfi allra þjónustuaðila og innflytjenda. Framkvæmdaáætlun þessari er ætlað að vinna að ofangreindum markmiðum.

Framkvæmdaáætlun þessi tekur mið af reynslunni af fyrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og ábendingum sem borist hafa frá innlendum samstarfsaðilum og alþjóðlegum eftirlitsstofnunum og nefndum. Má þar nefna Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttindamála á Íslandi, samning Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis, samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur á Íslandi 20. febrúar 2013. Í þessari framkvæmdaáætlun er horft til ákvæða sáttmálans og þeirra markmiða sem sett eru fram með honum. Um leið er hvatt til að stjórnsýslan öll og opinberar stofnanir innleiði ákvæði hans á markvissan hátt.

Á Íslandi búa börn við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Fjölskylduvænt samfélag, framfarir og bætt lífsskjör byggjast á samvinnu og samheldni. Með framkvæmdaáætlun þessari er unnið að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og stöðu að öðru leyti. Litið er til þess að byggja samfélag án aðgreiningar og óháð uppruna þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að njóta sín og auðga samfélagið. Með fjölbreyttu samfélagi, þar sem margbreytileiki er viðurkenndur, skapast betri vitund um jákvæð áhrif fjölmennningar á einstaklinga, hópa og samfélag. Þegar fólk af ólíkum uppruna tekst á við verkefni í sameiningu næst fram aukin víðsýni og betra samfélag. Tengslanet fjölmenningsamfélagsins nær lengra en tengslanet einsleits hóps.

Mikilvægt er að hlúð sé að þeim sem þurfa á aðstoð að halda og jafnframt að fólk fái notið árangurs erfiðis síns og hugkvæmni. Íslenskt samfélag hefur þróast ört síðustu áratugi, 2,6% þjóðarinnar var með erlent ríkisfang árið 2000 en 6,7% árið 2013. Sé önnur kynslóð innflytjenda talin með er hlutfallið 9,1% af þjóðinni. Hlutfall barna af erlendum uppruna hefur

einnig aukist töluvert frá aldamótum. Fjöldi leik- og grunnskólabarna með erlent ríkisfang hefur sjöfaldast. Nú hafa 11% leikskólabarna og 6% grunnskólabarna annað móðurmál en íslensku. Talið er að innflytjendur hefji síður framhaldsskólanám en önnur ungmenni og að brotthvarf nemenda af erlendum uppruna sé einnig mikið í framhaldsskólum. Á vinnumarkaði eru innflytjendur 8% af vinnuafli landsins en atvinnuleysi meðal innflytjenda mælist meira en almennt gerist og virðist sem ekki dragi jafn hratt úr atvinnuleysi hjá þeim og öðrum á atvinnuleysisskrá.

Mikilvægt er að skapa umhverfi sem tekur vel á móti einstaklingum og fjölskyldum sem flytja til Íslands og tryggja þeim tækifæri til að skapa sér farsælt líf hér á landi. Huga þarf að þörfum innflytjenda við opinbera stefnumótun og verður samfélagið í heild að vera tilbúið til að takast á við nýjar aðstæður hvort sem er á vinnumarkaði, í skólakerfinu, heilbrigðisþjónustu eða annarri velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Innflytjendur hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir þegnar samfélagsins og miða aðgerðir framkvæmdaáætlunar þessarar að því að auðvelda möguleika innflytjenda á Íslandi til að nýta réttindi sín og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Út frá ofangreindu er lögð áhersla á fjórar stoðir í þessari framkvæmdaáætlun: Samfélag, fjölskyldu, menntun og vinnumarkað.

A. Samfélagið

Alþingi ályktar að íslenskt samfélag skuli vera fjölskylduvænt þar sem allir þjóðfélagsþegnar búi við jöfn tækifæri og öryggi og njóti lögvarinna réttinda. Samfélag er samsett úr mörgum smærri hópum sem mynda eina heild. Samheldni heildarinnar skal tryggð með jöfnu aðgengi allra að þátttöku í samfélaginu og þekkingu á réttindum og skyldum gagnvart því.

B. Fjölskyldan

Alþingi ályktar að íslenskt samfélag taki mið af þörfum mismunandi fjölskyldugerða. Samfélagið skapi góð skilyrði fyrir allar allar fjölskyldur, ekki síst barnafjölskyldur, óháð þjóðerni og uppruna, sambærileg við það sem best þekkest og styðji og styrki þær til þeirra verkefna sem fyrir þeim standa.

C. Menntun

Alþingi ályktar að innflytjendur skuli njóta jafnréttis og jafnra tækifæra til náms í raun, mat á menntun sé aðgengilegt, að ójöfnuður í námstækifærum mælist ekki og að verulega dragi úr brotthvarfi úr námi. Huga skal sérstaklega að menntun, enda er góð menntun besti undirbúningurinn fyrir líf og starf í fjölbreyttu og samkeppnishæfu samfélagi.

D. Vinnumarkaður

Alþingi ályktar að margbreytileiki og fjölmennig leiði til betri vinnumarkaðar og að það sé hagar samfélagsins alls að reynsla og þekking innflytjenda nýtist á íslenskum vinnumarkaði. Jöfn tækifæri á vinnumarkaði eru forsenda farsæls samfélags og lögð er áhersla á að fjölga innflytjendum í opinberum störfum og áhrifastöðum í samfélaginu til hagsbóta fyrir innflytjendur og samfélagið allt.

A. Samfélagsstoð

Alþingi ályktar að íslenskt samfélag skuli vera fjölskylduvænt þar sem allir þjóðfélagsþegnar búi við jöfn tækifæri og öryggi og njóti lögvarinna réttinda. Samfélag er samsett úr mörgum smærri hópum sem mynda eina heild. Samheldni heildarinnar skal tryggð með jöfnu aðgengi allra að þátttöku í samfélaginu og þekkingu á réttindum og skyldum gagnvart því.

Leggja ber áherslu á eftirfarandi fyrir framþróun samfélagsins:

- Samfélagsviðhorf.
- Samfélagsþátttöku innflytjenda.
- Aðgang innflytjenda að þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Lögð er áhersla á að draga fram kosti fjölmenningsamfélagsins, þann styrk sem innflytjendur færa íslensku samfélagi og nýta þannig þekkingu þeirra til að auðga íslenskt samfélag. Huga þarf að góðu aðgengi innflytjenda að opinberum þjónustustofnunum, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, og þarf þjónustan að mæta þörfum margbreytileika samfélagsins. Auk þess er lögð áhersla á að aðgerðirnar stuðli að aukinni þátttöku innflytjenda í samfélaginu og meðvitund um þann ávinning sem fjölmennning færir íslensku samfélagi. Þessu skal náð með þeim aðgerðum er greint frá í samfélagsstoð þessarar framkvæmdaáætlunar. Leitast verður við að ná breiðri samstöðu við félagasamtök, fjölmiðla, atvinnulíf og innflytjendur við framkvæmd aðgerða.

A.1. Mælingar á viðhorfum

Markmið: Að fá fram reglulegar og samanburðarhæfar upplýsingar um viðhorf samfélagsins til innflytjenda og fjölmenningsamfélagsins og nýta upplýsingarnar til að ákveða frekari áherslur í vinnu fyrir jákvæðum viðhorfum til fjölmenningsamfélagsins.

Framkvæmd: Lagðar verði fyrir spurningar um innflytjendur og fjölmenningsamfélagið í almennum lífsviðhorfskönnunum sem fara reglulega fram og í spurningalistum um viðhorf sem lagðir eru fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla. Þetta skal gert við upphaf framkvæmdaáætlunarinnar og þannig mótuð grunnlína viðhorfa sem hægt verður að miða við þegar árangur aðgerða framkvæmdaáætlunarinnar verður metinn. Endurtekið á tveggja ára fresti.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Háskólasamfélagið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölmenningssetur og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Samanburður á niðurstöðum kannana.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið.

Tímabil: 2015, 2017 og 2019.

Kostnaður: 2,4 m.kr.

Afurð: Marktækt mælitæki.

A.2. Ímynd

Markmið: Að auka meðvitund um kosti margbreytileikans og hafa jákvæð áhrif á viðhorf almennings til fjölmenningsarsamfélagsins.

Framkvæmd: Farið verði í samhæft átak og skipulögð ímyndarherferð um innflytjendur og fjölmenningsarsamfélagið með aðaláherslu á mikilvægi innflytjenda og jákvæð áhrif þeirra á samfélagið. Leitað verði eftir samstarfi við féлага- og hagsmunasamtök innflytjenda.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Félags- og hagsmunasamtök innflytjenda, velferðarráðuneytið, Fjölmenningsarsetur, aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélög.

Mælikvarði: Aðgerð A.1 um mælingar á viðhorfum sem nýtast sem mælikvarði. Eftir að niðurstöður fást úr fyrstu könnun í aðgerðar A.1. mun innflytjendaráð setja fram mælanleg markmið fyrir næstu tvær kannanir.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið allt.

Tímabil: 2015–2016.

Kostnaður: 7 m.kr.

Afurð: Ímyndarherferð sem nær víðtækri dreifingu og athygli og skapar jákvæðara viðhorf almennings til fjölmenningsarsamfélags.

A.3. Hvatningarverðlaun

Markmið: Að stuðla að auknum sýnileika innflytjenda og fjölmenningsarsamfélagsins almennt og fá fram faglega, jákvæða og upplýsandi umfjöllun um innflytjendur í samfélaginu.

Framkvæmd: Innflytjendaráð óskar eftir tilnefningum frá almenningi, fyrirtækjum og stofnunum til hvatningarverðlauna innflytjendaráðs.

Innflytjendaráð veitir hvatningarverðlaun sem falla að skilgreiningum einhvers þessara undirflokka:

1. Til fjölmiðils sem skarað hefur fram úr með faglegri umfjöllun um málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í samfélaginu.
2. Til opinberrar stofnunar sem skarað hefur fram úr með því að veita þjónustu sem tekur mið af þörfum innflytjenda.
3. Til fyrirtækis sem skarað hefur fram úr með stefnu sem endurspeglar fjölmenningsarsamfélagið.

4. Til einstaklings og/eða félagasamtaka sem skarað hafa fram úr með vinnu í þágu hagsmuna innflytjenda á Íslandi.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið.

Mælikvarði: Aukinn sýnileiki innflytjenda í samfélaginu sem og fjölmenningsamfélagsins almennt.

Hagaðilar/markhópur: Samfélagið.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: 500.000 kr.

Afurð: Hvatningarverðlaun veitt árlega.

A.4. Fræðsla til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga

Markmið: Að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu og efla faglega þekkingu starfsfólks í menninganæmni.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem mun undirbúa fræðsluáttak fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga. Útbúnar verði leiðbeiningar fyrir þjónustustofnanir í samráði við notendur með fræðslu um menninganæmni og margbreytileika samfélagsins.

Haldin verði námskeið á öllum þjónustusvæðum fyrir starfsfólk í framlínu þjónustustofnana og sérfræðinga í nærþjónustu, svo sem félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, kennara og lögregluþjóna.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félagasamtök innflytjenda, ríkisstofnanir, mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, stéttarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningssetur og innflytjendaráð.

Mælikvarðar: Yfir helmingur opinberra stofnana ríkis og sveitarfélaga sendi starfsfólk til þátttöku á námskeiði á tímabilinu. Niðurstöður þjónustukannana sem stofnanir ríkis og sveitarfélaga vinna reglulega verði rýndar af starfshópnum, sem mun setja markmið um aukna ánægju notenda þjónustunnar með viðmót starfsfólks stofnana.

Hagaðilar/markhópur: Starfsfólk þjónustustofnana og innflytjendur.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: 6 m.kr.

Afurð: Samþætt stjórnslá og þjónusta hins opinbera, ásamt fræðsluáætlun og námskeiðsgögnum.

A.5. Málþing innflytjenda

Markmið: Að auka og efla lýðræðislega þátttöku innflytjenda, samstarf félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda, áhrif þeirra á hagsmunamál sín og þátttöku innflytjenda í stjórnmalum.

Framkvæmd: Skipuð verði undirbúningsnefnd sem heldur tvö málþing á tímabilinu til að stuðla að auknu samstarfi félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda frá öllum landsvæðum og efla lýðræðisleg félagasamtök þeirra.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Félags- og hagsmunasamtök innflytjenda, sveitarfélög, velferðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

Mælikvarði: Virkni og sýnileiki lýðræðislegra félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda og aukið samstarf þeirra á milli. Fulltrúar allra lýðræðislegra samtaka innflytjenda taki þátt á málþingi.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og félags- og hagsmunasamtök innflytjenda.

Tímabil 2015 og 2017.

Kostnaður: 750.000 kr.

Afurð: Aukið samstarf milli félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda og aukið samráð og samstarf þeirra og stjórnvalda, aukin virkni og sýnileiki og almennt aukin þátttaka innflytjenda í samfélaginu.

B. Fjölskyldustöð

Alþingi ályktar að íslenskt samfélag taki mið af þörfum mismunandi fjölskyldugerða. Samfélagið skapi góð skilyrði fyrir allar allar fjölskyldur, ekki síst barnafjölskyldur, óháð þjóðerni og uppruna, sambærileg við það sem best þekkist og styðji og styrki þær til þeirra verkefna sem fyrir þeim standa.

Leggja ber áherslu á eftirfarandi fyrir framþróun samfélagsins:

- Móttökuáætlun.
- Húsnæðismál.
- Velferð.

Lögð verði áhersla á skýra upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir flutning til landsins, sem og húsnæðisöryggi og velferð þeirra innan samfélagsins. Skýr móttökuáætlun samfélags er mikilvægur þáttur, í upphafi að farsælli búsetu í nýju landi. Húsnæðismál hafa verið mikið til umræðu, ekki síst staða innflytjenda á húsnæðismarkaði. Fram hefur komið að innflytjendur búi margir við bágbornar aðstæður og er því talið mikilvægt að finna leiðir til að varpa frekara ljósi á aðstæður þeirra á húsnæðismarkaði og í framhaldi að vinna að bættum hag innflytjenda í húsnæðismálum. Velferð fjölskyldna tvinnast saman við flestar aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar en hér verður lögð áhersla á stuðning við þá hópa innflytjenda sem standa höllum fæti og skortir stuðningsnet hér á landi.

B. 1. Samstarfsteymi helstu stofnana sem koma að skráningu erlendra ríkisborgara

Markmið: Að efla samstarf stofnana sem koma að nýskráningu innflytjenda í íslenskt samfélag, til að auðvelda samspil milli stofnana og bæta upplýsingagjöf til innflytjenda og til sveitarfélaga um nýja íbúa.

Framkvæmd: Stofnað verði samstarfsteymi Fjölmenningsseturs, Ríkisskattstjóra, Sjúkratrygginga Íslands, Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár Íslands.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, Fjölmenningssetur, Ríkisskattstjóri, Sjúkratryggingar Íslands, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innflytjendaráð og Þjóðskrár Íslands.

Mælikvarði: Fækkun tilkynninga um rangskráningar og fækkun nýskráninga í utangarðsskrá.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur og nærþjónusta við innflytjendur.

Tímabil: 2015–2018

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Samþætt stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera og skilvirkara skráningarferli.

B.2. Fyrirmynd að móttökuáætlun

Markmið: Að stuðla að því að vel sé tekið á móti nýkomnum innflytjendum (innan hins opinbera kerfis).

Framkvæmd: Settur verði á fót starfshópur sem fær það hlutverk að semja fyrirmynd að formlegri móttökuáætlun fyrir sveitarfélög. Starfshópurinn vinnur m.a. að því að finna leiðir til að auðvelda aðgengi að upplýsingum og þjónustu á fyrstu vikum og mánuðum sem einstaklingar og fjölskyldur búa á Íslandi. Hann vinni einnig að bættri upplýsingagjöf um nærþjónustu til innflytjenda.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun, innflytjendaráð og Fjölmenningssetur.

Mælikvarði: Talið er að nú séu um fimm sveitarfélög sem hafi formlega móttökuáætlun eða starfsmenn sem sinni móttöku nýrra innflytjenda sérstaklega. Stefnt er að því að þeim hafi fjölgað um meira en helming í lok árs 2018 og að þau sveitarfélög nái yfir þorra innflytjenda á Íslandi.

Hagaðilar/markhópur: Opinberir þjónustuaðilar og innflytjendur.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Fyrirmynd að móttökuáætlun liggja fyrir.

B.3. Upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir flutning til Íslands

Markmið: Auðvelda aðgengi innflytjenda að upplýsingum fyrst eftir flutning til Íslands.

Framkvæmd: Annars vegar verði spjald sent/afhent með gögnum sem meðal annars Þjóðskrá Íslands dreifir um búsetu á Íslandi. Á spjaldinu komi fram hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um réttindi og skyldur er varða dvöl á Íslandi og stofnanir sem viðkomandi þarf líklegast að leita til á fyrstu vikum og mánuðum dvalar í landinu. Hins vegar verði gerð myndbönd um umsóknar- og skráningarferli sem miðli skýrum upplýsingum sem settar verði fram á einfaldan hátt.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðili: Velferðarráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun, Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun, Fjölmenningssetur og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Fjölgun heimsóknna um þriðjung, á vefsíður sem vísað er á.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur.

Tímabil: 2015–2019

Kostnaður: 500.000 kr.

Afurð: Allir innflytjendur fá viðeigandi upplýsingar um stöðu sína og hvar upplýsingar sé að finna.

B.4. Upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum

Markmið: Að gera sveitarfélögum mögulegt að veita nýjum íbúum upplýsingar um helstu þjónustu sveitarfélagsins þegar lögheimili þeirra er skráð.

Framkvæmd: Farið verði af stað með reynsluverkefni, á grundvelli nýskráningar í Þjóðskrá Íslands, þar sem nokkur sveitarfélög sendi upplýsingar til innflytjenda um helstu þjónustu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Þjóðskrá Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, innflytjendaráð og sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu.

Mælikvarði: Sjálfstætt mat á árangri verkefnisins og yfirfærslugildi þess.

Hagaðilar/markhópur: Nýkomnir innflytjendur og sveitarfélög.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: 500.000 kr.

Afurð: Upplýsingar sendar frá sveitarfélögum til nýkominna innflytjenda.

B.5. Innflytjendur á húsnæðismarkaði

Markmið: Að jafna stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði við það sem almennt gerist á Íslandi.

Framkvæmd: Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur samþykkt styrkveitingar til tveggja verkefna á vegum þróunarsjóðs innflytjendamála. Önnur rannsóknin snýr að könnun á húsnæðisaðstæðum pólskra ríkisborgara, þ.e. hvernig þeir búa og upplifun þeirra af húsnæðismarkaði. Hin rannsóknin snýr að kortlagningu á stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði í Reykjavík.

Í kjölfar þessara tveggja rannsókna verður rýnt í niðurstöður og ráðist í viðeigandi aðgerðir.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, rannsóknaraðilar og háskólasamfélagið.

Mælikvarði: Innflytjendaráð mun skilgreina mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til, m.a byggð á þeim rannsóknum sem framkvæmdar verða.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur.

Tímabil: Rannsóknir framkvæmdar á árunum 2015–2016, aðgerðir 2017–2019.

Kostnaður: Innan ramma þróunarsjóðs innflytjendamála. Rannsóknirnar verða styrktar af sjóðnum og aðgerðir ákvarðaðar samkvæmt niðurstöðum rannsókna og frekari umfjöllun innflytjendaráðs.

Afurð: Upplýsingar sem gefa greinargóða lýsingu á stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði. Í framhaldi verða aðstæður metnar og farið í framkvæmdir ef nauðsyn krefst.

B.6. Þátttaka barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi

Markmið: Að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómskundastarfi og draga úr brotthvarfi þeirra úr slíku starfi.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leiti leiða til að vinna með sveitarfélögum að ofangreindum markmiðum. Starfshópur sækir upplýsingar til starfandi íþróttafélaga um fjölda innflytjenda sem taka þátt í þeirra starfi og leggur til aðgerðir.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðsfélög og félagasamtök innflytjenda.

Mælikvarði: Mæling var gerð árið 2008, spurningar úr þeirri könnun þarf að endurtaka við upphaf og lok aðgerðarinnar. Starfshópurinn mun skilgreina mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til, m.a verði horft til niðurstöðu kannana sem gerðar eru á líðan og högum barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.

Hagaðilar/markhópur: Börn og ungmenni af erlendum uppruna.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: 2.5 m.kr.

Afurð: Fleiri börn taka þátt í skipulögðu tómskundastarfi og aukin vellíðan hjá börnum af erlendum uppruna og minna brotthvarf úr skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

B.7. Stuðningur við konur sem búið hafa við heimilisofbeldi

Markmið: Að efla stuðningsnet kvenna af erlendum uppruna sem búið hafa við heimilisofbeldi og draga úr heimilisofbeldi.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem útbýr fræðsluáætlun og námskeið fyrir konur af erlendum uppruna sem búa við félagslega erfiðleika og lítið stuðningsnet.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, innanríkisráðuneytið, lögreglan, félagsþjónusta sveitarfélaga, heilsugæsla, Samtök um kvennaathvarf, félags- og hagsmunasamtök innflytjenda og mögulega önnur félagasamtök.

Mælikvarði: Fjöldi kvenna sem taka þátt á námskeiðunum og/eða hafa fengið fræðslu með öðrum hætti.

Hagaðilar/markhópur: Dvalarkonur í Kvennaathvarfi og aðrar konur af erlendum uppruna sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi.

Tímabil: 2016–2018.

Kostnaður: 2 m.kr.

Afurð: Fleiri úrræði og sterkara stuðningsnet fyrir konur sem verða fyrir heimilisofbeldi. Minna ofbeldi gegn innflytjendum.

B.8. Ofbeldi í garð innflytjenda

Markmið: Að vinna gegn ofbeldi í garð innflytjenda.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leggi drög að rannsóknum á ofbeldi í garð innflytjenda hér á landi og/eða leggi mat á þær rannsóknir sem þegar hafa verið unnar. Út frá rannsóknarniðurstöðum og annarri þekkingu sem liggur fyrir verði lagðar til aðgerðir til að vinna gegn ofbeldi. Hér er verið að vísa til heimilisofbeldis, andlegs ofbeldis út frá kynþáttahatri og mögulega annars konar ofbeldi. Styrkveitingar úr þróunarsjóði innflytjenda árið 2015 munu m.a. verða miðaðar við rannsóknir þessa efnis.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið, lögreglan, innflytjendaráð, félagsþjónusta, heilsugæsla, Mannréttindaskrifstofa Íslands og aðrar viðeigandi opinberar stofnarnir og félagasamtök.

Mælikvarði: Tölfræði lögreglu og fjöldi verkefna sem hafa fengið styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála eða frá samstarfsaðilum. Starfshópurinn mun skilgreina mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til, m.a byggt á þeim rannsóknum sem framkvæmdar verða.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Skýrar rannsóknarniðurstöður sem sýna hvað þurfi að gera til þess að draga úr ofbeldi gegn innflytjendum. Minna ofbeldi í garð innflytjenda.

DRÖG

C. Menntastöð

Alþingi ályktar að innflytjendur skuli njóta jafnréttis og jafnra tækifæra til náms í raun, mat á menntun sé aðgengilegt, að ójöfnuður í námstækifærum mælist ekki og að verulega dragi úr brotthvarfi úr námi. Huga skal sérstaklega að menntun, enda er góð menntun besti undirbúningurinn fyrir líf og starf í fjölbreyttu og samkeppnishæfu samfélagi.

Leggja ber áherslu á eftirfarandi fyrir framþróun samfélagsins:

- Jöfnuð til menntunar.
- Aukin gæði þjónustu við innflytjendur og aukin tækifæri fyrir innflytjendur til að taka virkan þátt í samfélaginu.
- Að menntun og mannaúður innflytjenda verði metinn og nýttur.

Lögð er áhersla á jöfnuð í menntun og tækifærum einstaklinga til þess að nýta þekkingu sína og fá hana metna. Mikilvægt er að börnum, með annað móðurmál en íslensku, verði búin jöfn tækifæri og aðstaða til náms og öðrum börnum, bæði fyrir börnin sjálf en einnig fyrir samfélagið í heild sinni til að nýta þá hæfileika og mannaúð sem í þeim býr. Vinna þarf markvisst gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum, m.a. með því að styðja þau sérstaklega allt frá leikskóla og upp alla skólagönguna. Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægur hluti af heildstæðu og góðu námi barna með annað móðurmál en íslensku er kennsla í þeirra móðurmáli og af þeim ástæðum er lögð aukin áhersla á þennan þátt námsins.

Mikilvægi íslenskukunnáttu fyrir aðlögun fullorðinna einstaklinga að íslensku samfélagi hefur löngum verið þekkt og hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á hversu mikilvæg góð íslenskukennsla er fyrir ánægju og velferð innflytjenda. Af þeim ástæðum verður gerð úttekt á gæðum íslenskukennslu hér á landi og úrbætur lagðar til í þeim tilgangi að auka gæði kennslunnar varanlega. Annar mikilvægur þáttur velferðar innflytjenda er þjónusta samfélagstúlka. Í þeim tilgangi að auka gæði þeirrar þjónustu verður útbúið námskeið fyrir túlka og komið á stöðuprófi. Allar aðgerðir menntastöðar framkvæmdaáætlunar miða með einum eða öðrum hætti að því að nýta menntun og mannaúð innflytjenda, bæði þeim sjálfum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Þar má nefna, auk ofangreinda þátta, að lagt er til að unnið verði að því að auðvelda innflytjendum að fá menntun sína metna í þeim tilgangi að þeir geti stundað atvinnu þar sem þekking þeirra og hæfileikar nýtast sem best.

C.1. Jöfn tækifæri til náms

Markmið: Að bæta námsárangur innflytjenda í grunnskólum og að búa þeim jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og öðrum börnum.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinnur að leiðum til að búa innflytjendum í grunnskólum jöfn tækifæri og sömu aðstöðu til náms og öðrum börnum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið,

Samstarfsaðilar: Háskólasamfélagið, fagráð um símenntun og starfsþróun, leik-, grunn- og framhaldsskólar, innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, frjáls félagasamtök sem stuðla að móðurmálskennslu, símenntunarstofnanir og aðrar stofnanir og einstaklingar sem koma að símenntun kennara.

Mælikvarði: Að jöfnuður milli nemenda mælist aukinn í PISA könnuninni árið 2018 og verði þá fyrir ofan meðaltal OECD ríkja.

Hagaðilar/markhópur: Kennarar, nemendur og foreldrar.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: 8 m.kr. á ári.

Afurð: Bættur námsárangur.

C.2. Virkt tvítyngi/fjöltýngi og móðurmálskennsla

Markmið: Að auka vægi móðurmálskennslu hjá nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Allir nemendur grunn- og framhaldsskóla séu upplýstir um réttinn til að fá eigið móðurmál metið árið 2015 og fái á vitnisburðarblaði kunnáttu í móðurmáli metna árið 2016; 75% nemenda með íslensku sem annað móðurmál fái stað- eða fjarkennslu í eigin móðurmáli árið 2018.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem mótar og samræmir tillögur um móðurmálskennslu á öllum skólastigum og metur nám, auk þess að móta tillögur um hvernig fjármagn sem nýtt er í tungumálakennslu í dag geti nýst þessum hópi betur. Útbúinn verði samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Tungumálatorgið, Tungumálaver, frjáls félagasamtök sem stuðla að móðurmálskennslu, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, grunnskólar og framhaldsskólar.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem fær móðurmálskennslu að staðaldri.

Hagaðilar/markhópur: Nemendur á öllum skólastigum, foreldrar og skólasamfélagið.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: Innan ramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins í framlagi til að byggja upp móðurmálskennslu og styðja við starfsemi félagasamtaka sem vinna að eflingu móðurmálskennslu (3–5 m.kr.).

Afurð: Stað- og fjarnám í algengustu móðurmálum sem notuð eru hér á landi og samræmdur leiðarvísir fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum. Aukin móðurmálskennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

C.3. Aðgerðir gegn brotthvarfi frá námi

Markmið: Að fjölga nemendum með annað móðurmál en íslensku sem útskrifast úr framhaldsskólum.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinni að því að innflytjendur hefji framhaldsskólanám eftir útskrift úr grunnskóla í auknum mæli og að þeir njóti viðeigandi stuðnings í námi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, innflytjendaráð, sveitarfélög, Námsmatsstofnun, náms- og starfsráðgjafar, grunnskólar, framhaldsskólar og Fjölmenningarsetur.

Mælikvarði: Árið 2012 innritaðist um 80% barna af erlendum uppruna í framhaldsskóla strax eftir grunnskóla, til samanburðar við 98% almennt. Árið 2018 er stefnt að því að ekki greinist munur í innritunarhlutfalli nemenda eftir uppruna þeirra og að námsframvinda þeirra í framhaldsskólum verði sambærileg við það sem almennt gerist í framhaldsskólum.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur á unglingastigi grunnskóla og framhaldsskólanemendur, foreldrar þeirra og skólasamfélagið.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Fleiri úrræði og skilvirkari stuðningur við nemendur á framhaldsskólastigi með annað móðurmál en íslensku.

C.4. Íslenskukennsla fyrir fullorðna

Markmið: Að efla gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að hún nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Framkvæmd: Gerð verði úttekt á gæðum íslenskukennslu fyrir fullorðna þegar íslenska er annað mál og niðurstöður úttektarinnar nýttar til úrbóta. Sérstaklega verði hugað að kennsluháttum, nemendaskráningum, námsframvindu nemenda og hvort boðið sé upp á nám við hæfi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fræðsluaðilar og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun setja sér mælanleg markmið fyrir þær aðgerðir sem lagðar verða til, í samráði við innflytjendaráð.

Hagaðilar/markhópur: Fullorðnir innflytjendur.

Tímabil: 2016.

Kostnaður: 5 m.kr.

Afurð: Gæðaviðmið sem unnin eru út frá niðurstöðum úttektar á íslenskukennslu.

C. 5. Menntun túlka og stöðupróf fyrir samfélagstúlka

Markmið: Að auka hæfni samfélagstúlka innan velferðarþjónustunnar og samhæfa kröfur til þeirra

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinnur að þróun námskeiðs eða námsbrautar fyrir túlka og útbúi stöðupróf á algengustu tungumálunum sem notuð eru á Íslandi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Námsmatsstofnun, velferðarráðuneytið, innflytjendaráð og túlkaþjónustufyrirtæki.

Mælikvarði: Að allir samfélagstúlkar innan velferðarþjónustunnar, í skólum og hjá sýslumönnum, hafi lokið grunnnámskeiði fyrir túlka árið 2017 og 50% þeirra hafi tekið stöðupróf sem staðfestir hæfni þeirra til túlkunar árið 2018. Reglulegar kannanir verði gerðar á túlkaþjónustu-fyrirtækjunum sem mæla annars vegar fjölda þeirra túlka sem farið hafa á námskeið og hins vegar fjöldann sem lokið hefur stöðuprófi.

Hagaðilar/markhópur: Túlkar og notendur túlkaþjónustu.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: 15 m.kr.

Afurð: Stöðupróf fyrir túlka á fimm tungumálum og almenn námskeið fyrir túlka sem verði reglulega í boði.

C.6. Mat á menntun

Markmið: Að einfalda ferli við mat á menntun innflytjenda.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur til að samræma verklag um mat á menntun og hann vinni einnig að því að upplýsingar verði aðgengilegri en nú er, verkferli einfölduð og raunfærnimat látið nýtast innflytjendum. Jafnframt verði keppt að því að stytta afgreiðslutíma á umsóknum um mat á menntun.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Iðan fræðslusetur, háskólasamfélagið, stéttarfélög og aðrir aðilar sem hafa umsjón með mati á menntun, auk innflytjendaráðs.

Mælikvarði: Starfshópurinn mun skilgreina mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og vinnumarkaðurinn.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Aðgengilegri upplýsingar um mat á menntun.

DRÖG

D. Vinnumarkaðsstoð

Alþingi ályktar að margbreytileiki og fjölmening leiði til betri vinnumarkaðar og að það sé hagar samfélagsins alls að reynsla og þekking innflytjenda nýtist á íslenskum vinnumarkaði. Jöfn tækifæri á vinnumarkaði eru forsenda farsæls samfélags og lögð er áhersla á að fjölga innflytjendum í opinberum störfum og áhrifastöðum í samfélaginu til hagsbóta fyrir innflytjendur og samfélagið allt.

Leggja ber áherslu á eftirfarandi fyrir framþróun samfélagsins:

- Að innflytjendur njóti jafnra tækifæra og réttinda og aðrir á vinnumarkaði.
- Að bjóða innflytjendum á vinnumarkaði aukin tækifæri til endurmenntunar og starfstengds náms sem styrkja muni tengslanet þeirra.

Lögð er áhersla á að fjölga innflytjendum í opinberum störfum og áhrifastöðum í samfélaginu til hagsbóta fyrir þá og samfélagið allt. Launajafnrétti á vinnumarkaði er sett í forgang sem og aukin tækifæri innflytjenda til endurmenntunar og starfstengds náms, sem tekur mið af aðstæðum þeirra. Markmiðið er að styrkja stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og tryggja bæði að þeir njóti jafnra tækifæra á við aðra og að hlutfall þeirra sem starfa í opinbera geiranum og áhrifastöðum endurspegli lýðfræðilega samsetningu samfélagsins.

Með því að nýta sérfræðiþekkingu innflytjenda á vinnumarkaði, m.a með því að styrkja tengslanet þeirra, er mikilvæg auðlind virkjuð fyrir íslenskan vinnumarkað og samfélag, okkur öllum til hagsbóta. Þess skal getið að aðgengi að hæfu starfsfólki er forsenda alþjóðlegar starfsemi og því mikilvægt að efla mannauð.

D.1. Fjölgun innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum

Markmið: Að opinber þjónusta og atvinnulífið njóti þeirra þekkingar og reynslu sem innflytjendur búa yfir og að hlutfall þeirra í þessum störfum endurspegli lýðfræðilega samsetningu samfélagsins. Er þar sérstaklega litið til réttarvörslukerfisins, opinberrar stjórnsýslu, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntakerfisins.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem leggi fram tillögur um hvernig vinna megi að fjölgun innflytjenda í starfsliði innan félagsþjónustunnar, heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins, réttarvörslukerfisins, opinberrar stjórnsýslu og í áhrifastöðum í þjóðfélaginu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, Vinnumálastofnun, innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífisins, ASÍ og féлага- og hagsmunasamtök innflytjenda.

Mælikvarði: Starfshópurinn mun skilgreina mælikvarða fyrir þær aðgerðir sem hann leggur til.

Hagaðilar/markhópur: Vinnumarkaðurinn, innflytjendur og samfélagið.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Aðgerðaáætlun.

D.2. Launajafnrétti á vinnumarkaði

Markmið: Að innflytjendur fái greidd sömu laun og aðrir fyrir sömu vinnu.

Framkvæmd: Gerð verði launagreining á kjörum innflytjenda í ákveðnum atvinnugreinum, sem hafa hátt hlutfall innflytjenda. Kanna þarf hvort marktækur munur sé á launum erlendra ríkisborgara og íslenskra á vinnumarkaði. Komi í ljós munur á milli þessara hópa verður gripið til aðgerða.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Vinnumálastofnun, innflytjendaráð, stéttarfélag og Samtök atvinnulífsins.

Mælikvarði: Launakönnun þar sem laun erlendra ríkisborgara á Íslandi og íslenskra ríkisborgara verða borin saman. Innflytjendaráð setur fram mælanlegt markmið eftir niðurstöðu kannanna.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur á vinnumarkaði og vinnumarkaðurinn.

Tímabil: 2015–2019.

Kostnaður: 3 m.kr.

Afurð: Launagreining sem Hagstofa Íslands mun framkvæma og aukið launajafnrétti á vinnumarkaði.

D.3. Tengslanet innflytjenda á vinnumarkaði

Markmið: Að auka hlutfall innflytjenda innan tiltekinna fagstétta með betri og fjölbreyttari tengslum við atvinnulífið sem tengist menntun þeirra og sérsviði.

Framkvæmd: Tengslanet innflytjenda við fólk með íslenskan bakgrunn verði styrkt með samstarfi við tiltekin stéttafélög og sett á laggirnar tilraunaverkefni þar sem stofnað verður til félagsvinatengsla. Innflytjendur fá þá tækifæri til að komast í tengsl við einstaklinga með svipaðan menntunarbakgrunn og þeir sjálfir. Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni. Ef raunin verður góð skal verkefninu haldið áfram og það útfært nánar.

Ábyrgð: Innflytjendaráð.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, háskólasamfélagið, félags- og hagsmunasamtök innflytjenda, Rauði krossinn á Íslandi og mögulega önnur félagasamtök og stéttarfélög.

Mælikvarði: Fimm stéttarfélög taki þátt í tilraunaverkefningu.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur, stéttarfélög og vinnumarkaðurinn.

Tímabil: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Skilvirkt verkefni sem stuðlar að auknum möguleikum innflytjenda til sérfræðistarfa.

D.4. Auknir möguleikar til endurmenntunar og starfstengds náms

Markmið: Að gefa innflytjendum ný tækifæri í atvinnulífinu með fjölgun starfstengdra námsleiða, sem sniðnar verða að þörfum innflytjenda. Stefnt er að því að vottaðar námsleiðir verði að minnsta kosti fimm í lok árs 2016.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem vinnur að námskrám, sem sérsniðnar verða að þörfum innflytjenda, með námsleiðum gefi innflytjendum ný tækifæri í atvinnulífinu. Boðið verði upp á frumkvöðlanámskeið og innflytjendur hvattir markvisst til þess að sækja námskeið.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fræðsluaðilar, háskólasamfélagið og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Minnst fimm nýjar vottaðar námsleiðir sem eru sérsniðnar að þörfum innflytjenda sem og tíðni námskeiða.

Hagaðilar/markhópur: Innflytjendur og samfélagið.

Tímabil: 2015–2018.

Kostnaður: 6,8 m.kr.

Afurð: Námskrá, námskeið og námsleiðir.

D.5. Aukning meðal sérfræðimenntaðra innflytjenda á Íslandi

Markmið: Að auðga íslenskt atvinnulíf með fjölgun sérfræðimenntaðra einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði.

Framkvæmd: Stofnaður verði vinnuhópur sérfræðinga sem fær það hlutverk að styðja við íslenskt atvinnulíf með fjölgun sérfræðimenntaðra innflytjenda á Íslandi. Hópurinn mun m.a. rýna í ferlið við veitingu dvalar- og atvinnuleysis á grundvelli sérfræðipækningar, með

hliðsjón af þörfum bæði atvinnurekenda og umsækjenda. Hann mun einnig skoða hvernig styðja megi við fjölskyldur sem flytja til Íslands, sérstaklega með tilliti til aðgengi að upplýsingum um íslenskt samfélag og möguleika barna til alþjóðlegrar menntunar og aðgengi maka að vinnumarkaði. Taka skal mið af vinnu þverpólítískrar þingmannanefndar á vegum innanríkisráðuneytisins sem vinnur að því að endurskoðun laga um útlendinga.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, Íslandsstofa, háskólasamfélagið, aðilar vinnumarkaðarins og innflytjendaráð.

Mælikvarði: Umsóknarferli taki ekki lengri tíma en sex vikur.

Hagaðilar/markhópur: Atvinnulífið.

Tímabil: 2015–2017.

Kostnaður: Innan ramma.

Afurð: Tillögur að aðgerðum til að fjölga sérfræðimenntuðum innflytjendum á Íslandi og auðvelda þeim samfélagslega þátttöku á Íslandi.